

**633. fundur haldinn miðvikudaginn 5. desember 2001 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður.
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipsdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þ. Júlíusson, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 632. fundar.

Afgreiðsla: Samþykktar

2. Erindi Alþingis.

Fram voru lagðar tillögur ferðamálastjóra að umsögnum í samræmi við umræður á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Tillögurnar samþykktar með nokkrum breytingum

3. Upplýsingamiðstöð ferðamála 1.1. 2002.

Þar sem fyrir liggur ákvörðun samstarfsaðila um rekstur UMF að samstarfinu verði hætt 31. desember nk. varð umræða um með hvaða hætti yrði tryggð upplýsingagjöf 1. janúar 2002. Minnt var á nauðsyn þess að Reykjavíkurborg staðfesti að hún myndi sinna þessum þætti í samræmi við fyrri upplýsingar. Helgi Pétursson sagði að Reykjavíkurborg myndi staðfesta að hún sinni verkefninu frá þeim tíma.

4. Þolmörk ferðamannaáða.

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál.

Lagt var fram minnisblað ferðamálastjóra varðandi talningu erlendra ferðamanna samkvæmt bókun Helga Péturssonar á síðasta fundi. Ákveðið var að óska eftir við samgönguráðuneytið að málið yrði sett í annan farveg og þannig reynt að taka aftur upp viðræður við innritunaraðila.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13:00